



Umsögn

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), mál 374/151

Viðtakandi: Efnahags- og viðskipta alþingis

Sendandi: Reykjavíkurborg

Fyrir alþingi liggja tillögur um endurskoðum á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, mál nr. 374/151. Hefur fjármála- og áhættustýringarsviði verið falið að undirbúa umsögn um tillöguna fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Fyrirhuguð endurskoðun á fjármagnstekjuskattkerfinu á Íslandi er lögð fram með það fyrir augum „að gera skattkerfið réttlátara óháð uppruna tekna“. Ráðherra skipaði starfshóp til að móta tillögur um endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts út frá þessu markmiði. Fyrirliggjandi frumvarp byggir að stórum hluta á tillögum starfshópsins um endurskoðun á skattkerfinu með tilliti til verðbólgu þar sem hún hefur áhrif á skattbyrði fjármagnstekna og endurskoðun á skattstofni fjármagnstekna sem snýr að skattlagningu við sölu frístundahúsnaðs.

Reykjavíkurborg átti ekki fulltrúa í starfshópnum en veitir því eftirtekt að starfshópurinn fann ekkert tilefni til að gera tillögur um breytingu á skattkerfinu varðandi sveitarfélögin.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpsdrög í samráðsgátt í umliðnum mánuði kemur fram að verði frumvarpið samþykkt muni það leiða til minni tekna Jöfnunarsjóðs og þar með minni framlaga til sveitarfélaga. Þess vegna hefði hlutaðeigandi ráðherra borið að kostnaðarmeta áhrif frumvarpsins í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Þessu lagaboði hefur ekki verið sinnt. Skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs felur að öðru óbreyttu í sér skerðingu á ráðstöfunarfé sjóðsins og þar með tekjum sveitarfélaga. Væri eðlilegt af þessu tilefni að ræða hvort og þá hvernig Jöfnunarsjóði væri bætt tekjufall af þessum sökum.

Reykjavíkurborg vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar alþingis á því að sveitarfélög á Íslandi eru ekki undanþegin fjármagnstekjuskatti enda þótt sveitarfélögin séu hluti af framkvæmdavaldinu og meginverkefni þeirra eru lögskyld verkefni einkum á sviði velferðar- og skólapjónustu auk annarra lögmæltra verkefna.

Uppruni fjármagnstekna sveitarfélaga er í flestum tilvikum skatttekjur sveitarfélagsins. Fjármagnstekjur á þessum grunni birtast sem vaxtatekjur af skattgreiðslum eftir gjalddaga og vaxtatekjur af þeim hluta tekna sem sveitarfélög geta lagt til hliðar á hverjum tíma til að mæta síðari útgjöldum eða til að mæta síðari skuldbindingum sem þau eru í ábyrgð fyrir. Þá hafa sveitarfélög fjármagnstekjur af lánum sem þau veita eigin fyrirtækjum.

Sveitarfélög greiða fjármagnstekjuskatt af brúttóvaxta- og verðbótatekjum sveitarsjóðs. Þannig greiða sveitarfélög ekki aðeins skatt af hefðbundnum vaxtatekjum, svo sem af bankainnistæðum og verðbréfum, heldur jafnframt af slíkum tekjum vegna lánveitinga til eigin fyrirtækja í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar. Þannig kemur fjármagnstekjuskatturinn í veg fyrir að sveitarfélög geti sótt lánsfé á hagstæðum kjörum og veitt áfram á sömu kjörum til eigin félaga sem sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélagsins. Þetta getur t.d. staðið uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði fyrir þrifum enda munu Félagsbústaðir hf. þurfa að sækja mikið fjármagn á almennan markað til að framfylgja metnaðarfullri áætlun um fjölgun félagslegra íbúða um 500-600 á næstu árum. Mikilvægt dæmi um neikvæð áhrif fjármagnstekjuskattsins er neyðarlán borgarsjóðs til Orkuveitu Reykjavíkur sem veitt var í tveimur hlutum 2011 (7.483 mkr) og 2013 (3.741 mkr) að fjárhæð 11.224 mkr. en fyrirtækið var komið í mikla erfiðleika með að standa við skuldbindingar sínar vegna stórfelldrar gengislækkunar í kjölfar banka-hrunsins. Það er vandséð réttlætið í því að ríkissjóður hafi tekjur af sveitarfélögunum, sem er önnur meginstoð framkvæmdavaldsins, með þessum hætti. Meðfylgjandi tafla sýnir brúttóvaxta- og verðbótatekjur sem skattskyldar fjármagnstekjur vegna lána til fyrirtækja í B-hluta og fjármagnstekju-skatt vegna þessara tekna.

Reykjavíkurborg A-hluti	2011-2020*
Vaxtatekjur vegna B-hluta	-4.479.814.074
Verðbótatekjur vegna B hluta	-3.163.727.037
Fjármagnstekjur vegna B-hluta	-7.643.541.111
Fjármagnstekjuskattur v lánveitingar til OR	1.171.332.808

*Staða í bókhaldi 2011 til og með október 2020

Hafa verður í huga að lánveitingar borgarsjóðs til OR leiddu til aukinnar lántökuparfar borgarinnar og aukinna fjármagnsgjalda á næstu árum eftir lánveitinguna. Ekkert tillit er tekið til þess þegar fjármagnstekjuskattur er lagður á borgina, þ.e.a.s. fjármagnsgjöld eru ekki dregin frá fjármagnstekjum. Ef svo hefði verið hefði enginn fjármagnstekjuskattur verið lagður á borgarsjóð. Til samanburðar er ekki lagður sérstakur fjármagnstekjuskattur á fyrirtæki heldur greiða þau 20% tekjuskatt af fjármagnstekjum eftir sömu reglum og gilda um aðrar rekstrartekjur fyrirtækja þ.e. að fráðregnum kostnaði við öflun teknanna. Meðfylgjandi tafla sýnir heildarfjármagnstekjuskatt A-hluta (borgarsjóðs) árin 2011-2020 að fjárhæð 3.205 mkr en í raun voru fjármagnsgjöld borgarsjóðs rúmlega 1 ma.kr. hærri en brúttófjármagnstekjur á þessu tímabili.

Reykjavíkurborg A-hluti	2011-2020*
Fjármagnstekjur	-33.122.758.542
Þar af skattskyldar fjármagnstekjur	-17.189.999.905
Fjármagnsgjöld	34.156.179.995
Fjármagnstekjuskattur A-hluta alls	3.204.813.387
Nettó fjármagnsgjöld	1.033.421.454

*Staða í bókhaldi 2011 til og með október 2020

Þegar litið er til skattkerfa í öðrum löndum eru sennilega engin dæmi þess að sveitarfélög greiði tekjuskatt eða fjármagnstekjuskatt í ríkissjóð enda eru þau hluti af ríkisvaldinu og það þykir víðast hvar fráleitt að ríkið skattleggi sveitarfélögin með beinum sköttum eins og tekjusköttum. Það er tillaga Reykjavíkurborgar að fjármagnstekjuskattur verði lagðir af hjá sveitarfélögum og sú breyting taki gildi miðað við 1.1.2020.

Í rauninni ætti ekki aðeins að afnema fjármagnstekjuskatt af sveitarfélögum heldur er fullt tilefni til að skoða að veita sveitarfélögum hlutdeild í tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti þar sem margir

einstaklingar og lögaðilar sem þiggja þjónustu sveitarfélagsins greiða oft litla eða enga skatta til þess. Dæmi er um að sveitarfélög líði mjög fyrir þetta í tekjustofnum sínum.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru tilbúnir til þess að koma fyrir þingnefnd til þess að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hér koma fram.

*Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri*

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*